



Bæjarstjórn - 1176

FUNDARBOÐ

**1176. fundur bæjarstjórnar verður haldinn í bæjarstjórnarsal, Hábraut 2,
8. maí 2018 og hefst kl. 16:00**

Dagskrá:

Dagskrármál

1. 1712208 - Ársreikningur Kópavogsbæjar 2017

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, gerði grein fyrir helstu niðurstöðum samantekins ársreiknings Kópavogsbæjar 2017, A-hluta fyrirtækja samstæðunnar, sem eru Eignasjóður Kópavogsbæjar, Byggingarsjóður MK og Þjónustumiðstöð Kópavogsbæjar, svo og B-hluta fyrirtækja Kópavogsbæjar; Fráveitu Kópavogsbæjar, Vatnsveitu Kópavogsbæjar og Húsnæðisnefndar Kópavogsbæjar ásamt ársreikningum B-hluta fyrirtækjanna Tónlistarhúss Kópavogs og Hafnarsjóðs Kópavogs, sem höfðu verið samþykktir í viðkomandi stjórn/nefnd. Einnig var lagður fram samþykktur ársreikningur Vatna ehf., Fjarskiptafélagsins Rjúpnahæð ehf. og félagsins Músik og saga ehf. Þá var lögð fram skýrsla löggiltra endurskoðenda bæjarins. Lagði bæjarstjóri til að samantekinn ársreikningur Kópavogsbæjar 2017 ásamt fylgigögnum yrði samþykktur. Bæjarstjóri lagði fram til staðfestingar bæjarstjórnar ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar, sem þegar hefur verið samþykktur í stjórn sjóðsins.

Önnur mál fundargerðir

2. 1804019F - Bæjarráð - 2912. fundur frá 26.04.2018

Fundargerð í 17 liðum.

3. 1804024F - Bæjarráð - 2913. fundur frá 03.05.2018

Fundargerð í 23 liðum.

- 3.2 1804227 - Menntasvið-daggæslumál

Frá sviðsstjóra menntasviðs, dags. 11. apríl, lagt fram erindi er varðar aðgerðir í daggæslumálum 2018.

Niðurstaða Bæjarráð - 2913

Bæjarráð vísar tillögnum til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Margrét Júlía Rafnsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun:

"Ég fagna þessum tillögum, ekki síst að það eigi að jafna sem mest stöðu þeirra foreldra sem eiga börn í leikskólum og hjá dagforeldrum, hvað varðar kostnað. Mikill mismunur hefur verið á kostnaði foreldra vegna vistunar barna í leikskólum og hjá dagforeldrum og er það óásættanlegt.

Margrét Júlía Rafnsdóttir"

- 3.3 1611147 - Fannborg 2, 4 og 6, sala fasteigna.
Bæjarlögmaður mun gera grein fyrir stöðu mála.

Niðurstaða Bæjarráð - 2913

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar.

- 3.4 18031085 - Arnarsmári 36/Nónhæð - samkomulag um uppbyggingu á svæðinu
Frá lögfræðideild, lagður fram viðauki við samkomulag Kópavogsbæjar og Nónhæðar um uppbyggingu lóðarinnar Arnarsmára.

Niðurstaða Bæjarráð - 2913

Bæjarráð vísar erindinu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

4. 1804009F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 239. fundur frá 12.04.2018
Fundargerð í 16 liðum.

5. 1804016F - Lista- og menningarráð - 89. fundur frá 26.04.2018
Fundargerð í 6 liðum.

6. 1804008F - Menntaráð - 25. fundur frá 17.04.2018
Fundargerð í 7 liðum.

7. 1803013F - Skipulagsráð - 27. fundur frá 16.04.2018
Fundargerð í 18 liðum.

- 7.4 1804314 - 201 Smári. Reitir A03 og A04 (Sunnusmári 2-14). Byggingaráform.

Með tilvísan í skipulagsskilmála fyrir Smárann vestan Reykjanesbrautar frá 25. nóvember 2016 kafla 5 um "Sérstöðu svæðisins og byggingaráform" er lögð fram tillaga Arkís og Tark arkitekta fh. lóðarhafa að byggingaráformum á reitum A03 og A04 (Sunnusmára 2-14) í 201 Smári. Samkvæmt framlögðum byggingaráformum er ráðgert að byggja á reitunum um 33.000 m², 269 íbúðir og þjónustuhúsnæði auk bílageymslna í kjallara. Fulltrúar Arkís, Tark og Klasa mæta á fundinn og gera grein fyrir tillögunni.

Niðurstaða Skipulagsráð - 27

Skipulagsráð telur framlögð byggingaráform vera í samræmi við þau viðmið sem sett eru fram í skipulagsskilmálum fyrir reiti A03 og A04 í deiliskipulagi Smárans vestan Reykjanesbrautar og veitir lóðarhafa heimild til að skila gögnum til byggingarfulltrúa. Skipulagsráð samþykkir framlögð áform með vísan í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

- 7.5 1804367 - Smáralind. Flutningur á sjálfvirkum eldsneytisdælum.

Lagt fram erindi Regins hf. og Eignarhaldsfélags Smáralindar ehf. dags. 12. apríl 2018 þar sem óskað er eftir breytingum á deiliskipulagi Hlíðarsmára 1 vegna flutnings á sjálfvirkum eldsneytisdælum sem staðsettar eru í sv-horni lóðarinnar. Deiliskipulagsbreytingin er áfangi í undirbúningi og uppbyggingu svæðisins sunnan Smáralindar. Eftir flutning verða dæurnar staðsettar fyrir miðri Smáralind nálægt meginadkomu úr suðri frá Hagasmára. Deiliskipulagsuppráttur í mkv. 1:2000 dags. 12. apríl 2018.

Niðurstaða Skipulagsráð - 27

Skipulagsráð samþykkir framlagða tillögu með vísan í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Ása Richardsdóttir greiðir atkvæði gegn tillögunni.

- 7.6 1710174 - Fossvogsbrún, íbúðakjarni fyrir fatlaða. Breytt deiliskipulag.

Lögð fram að nýju að lokinni kynningu tillaga skipulags- og byggingardeildar að breyttu deiliskipulagi við Fossvogsbrún. Í gildi er deiliskipulag Fossvogsdals, austurhluta, samþykkt í bæjarráði/bæjarstjórn 14. maí 1996. Breytingin tekur til svæðis norðaustan Fossvogsbrúnar 2. Í breytingunni felst að þar verði ný lóð, Fossvogsbrún 2a, með byggingarreit fyrir íbúðakjarna fyrir fatlaða með allt að sjö íbúðum ásamt þjónusturými. Stærð lóðarinnar er áætluð 1200 m² og stærð byggingarreits 600 m². Hámark nýtingarhlutfalls á lóðinni verður 0,5 ofanjarðar. Aðkoma er frá Fossvogsbrún og þar sem fyrir eru tíu bílastæði, ráðgert er að fjölga þeim um fimm. Á fundi skipulagsráðs 15. janúar 2018 var samþykkt með tilvísan í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa tillöguna. Samþykktin var staðfest í bæjarstjórn 23. janúar 2018. Athugasemdarfresti lauk 3. apríl 2018. Athugasemdir og ábendingar bárust. Þá lögð fram umsögn skipulags- og byggingardeildar.

Niðurstaða Skipulagsráð - 27

Skipulagsráð samþykkir erindið og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

7.7 1711735 - Brekkuhvarf 1-7. Breytt deiliskipulag

Lögð fram að nýju að lokinni kynningu tillaga Rafaels Pinho dags. 29. nóvember 2017 fh. lóðarhafa Brekkuhvarfs 1-5 að breyttu deiliskipulagi á lóðunum. Í breytingunni felst að á lóðunum Brekkuhvarf 1a-1b, 3 og 5 verði reist raðhúsabyggð í þremur áföngum með samtals 22 íbúðum sem fá heimilisföngin Brekkuhvarf 1a-1p og Brekkuhvarf 7a-7f. Uppdrættir í mkv. 1:500 dags. 11. janúar 2018 ásamt greinargerð og skýringarmyndum. Á fundi skipulagsráðs 29. janúar 2018 var samþykkt með tilvísan í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa tillöguna. Samþykktin var staðfest í bæjarstjórn 13. febrúar 2018. Athugasemdarfresti lauk 3. apríl 2018. Athugasemdir og ábendingar bárust.

Lögð fram samantekt skipulags- og byggingardeildar um athugasemdir sem bárust er tillagan var kynnt ásamt umsögn dags. 12. apríl 2018.

Niðurstaða Skipulagsráð - 27

Hafnað. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

7.11 1804366 - Hrauntunga 62. Kynning á byggingarleyfi.

Lagt fram að nýju erindi Ragnheiðar Aradóttur, arkitekts, f.h. lóðarhafa dags. 19.6.2015 vegna fyrirhugaðrar stækkunar við Hrauntungu 62. Í breytingunni felst að reist verði 25 m² viðbygging við vesturhlíð hússins sbr. uppdráttum dags. 8. mars 2018.

Ennfremur lagt fram samþykki aðliggjandi lóðarhafa.

Niðurstaða Skipulagsráð - 27

Skipulagsráð samþykkir tillöguna með tilvísan í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

7.15 1802241 - Dalvegur 32. Breytt deiliskipulag.

Lögð fram tillaga Krark f.h. lóðarhafa að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 32 við Dalveg. Í breytingunni felst að byggingarreitur annars áfanga færist um 3,4 m til suðurs. Gert er ráð fyrir kjallara undir hluta annars áfanga hússins. Fyrirkomulag bílastæða breytist. Að öðru leyti er vísað í gildandi deiliskipulag samþykkt í bæjarstjórn 26. september 2017 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 6. desember 2017. Uppdrættir í mkv. 1:1000 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dags. í apríl 2018.

Niðurstaða Skipulagsráð - 27

Skipulagsráð samþykkir framlagða tillögu með tilvísan í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Ása Richardsdóttir greiðir atkvæði gegn tillögunni.

7.16 1804094 - Markavegur 5. Breytt deiliskipulag.

Lagt fram erindi lóðarhafa að Markavegi 5 dags. 27. mars 2017 um breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst að byggð er reiðskemma 28,0 x 12,3 m á lóðinni sem tengd verður núverandi hesthúsi að Markavegi 3-4 (sami lóðarhafi). Gólfkóti skemmunar yrði sami og í núverandi hesthúsi 101,6 m í stað 102,5 m h.y.s. Einnig er sótt um að hækka mænishæð reiðskemmunar úr 4,5 m í 5,1 m miða við aðkomuhæð. Uppdrættir í mkv. 1:100 og 1:500 dags. 28. janúar 2018.

Niðurstaða Skipulagsráð - 27

Skipulagsráð samþykkir með tilvísan í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa framlagað tillögu og vísar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

8. 1803009F - Umhverfis- og samgöngunefnd - 98. fundur frá 23.04.2018

Fundargerð í 15 liðum.

8.15 1704446 - Bílastæðasjóður Kópavogsbæjar

Lögð fram tillaga að gjaldskrá bílastæðasjóð Kópavogsbæjar.

Niðurstaða Umhverfis- og samgöngunefnd - 98

Umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir framlagðar tillögur að gjaldskrá bílastæðasjóðs Kópavogsbæjar.

Vísar til bæjarráðs og bæjarstjórnar.

9. 1804462 - Fundargerð 366. fundar Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 05.04.2018

Fundargerð í 5 liðum.

10. 1804675 - Fundargerð 389. fundar stjórnar Sorpu bs. frá 25.04.2018

Fundargerð í 5 liðum.

Jafnframt eru lögð fram 4 fylgigögn : "Kynning á grænu bókhaldi", "Yfirlýsing stjórnar SORPU bs. á grænu bókhaldi", "Kvörtun til Eftirlitsstofnunar ESA vegna meintra ríkisstyrkja til SORPU bs." og "Lokadrög af svari við kvörtun".

11. 1804579 - Fundargerð 285. fundar stjórnar Strætó frá 13.4.2018

Fundargerð í 7 liðum.

Jafnframt eru lögð fram 5 fylgiskjöl : "Innri endurskoðun - Greinargerð til endurskoðunarnefndar og stjórnar 2018, 11. apríl 2018", "Endurskoðunarnefnd - Um greinargerð innri endurskoðenda 2018, 12. apríl 2018", "Framvindumat vegna samnings um eflingu almenningsamganga, apríl 2018", "Vinnustaðagreining 2018" og "Mælaborð Strætó janúar til mars 2018".

Skipulagsmál

12. 1706372 - Kópavogsgöng. Dalvegur 30.

Lögð fram að nýju tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024. Í tillögunni felst að Kópavogsgöng eru felld út úr skipulagi ásamt því að hluti af opnu svæði við Dalveg 30, OP-10, er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu. Umrædd breyting á aðalskipulagi Kópavogs er unnin samhliða breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og í samræmi við Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2030 en þar er ekki gert ráð fyrir Kópavogsgöngum. Vinnslutillaga að fyrirhugaðri breytingu var lögð fram í skipulagsráði 19. júní 2017. Skipulagsráð samþykkti að framlögð tillaga verði kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vinnslutillagan var kynnt frá 27. janúar 2018. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust. Vinnslutillagan var jafnframt kynnt á opnu húsi 30. janúar 2018 í Þjónustuveri Kópavogsbæjar og 1. febrúar 2018 í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni. Enginn mætti á kynningarnar.

Tillagan: Tillaga vegna breytinga á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024, Kópavogsgöng felld úr skipulagi og nýtt svæði fyrir verslun og þjónustu við Dalveg, er sett fram í greinargerð, umhverfismati og uppdretti dags. í febrúar 2018 unnin af verkfræðistofu VSÓ. Niðurstaða Umhverfis- og samgöngunefnd - 97

Lagt fram og kynnt.

Umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við bæjarráð/bæjarstjórn að farið verði í hönnun á útfærslu og legu Dalvegar sem fyrst.

Niðurstaða

Ása Richardsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun:

"Undirrituð hefur talað fyrir breyttri legu Dalvegar og bókað um það í Skipulagsráði. Ég styð heilshugar tillögu Umhverfis- og samgöngunefndar um að farið verði í hönnun á útfærslu og legu Dalvegar sem fyrst.

Ása Richardsdóttir"

Ármann Kr. Ólafsson lagði til að tillögu umhverfis- og samgöngunefndar frá 12.03; Kópavogsgöng, Dalvegur 30 verði frestað og leitað umsagnar skipulagsstjóra. Bæjarstjórn samþykkir tillögu um frestun með sjö atkvæðum Sverris Óskarssonar, Ármanns Kr.

Ólafssonar, Theódóru Þorsteinsdóttur, Andra Steins Hilmarssonar, Jóns Finnbogasonar, Annýjar Berglindar Thorstensen og Guðmundar Geirdal. Ása Richardsdóttir, Birkir Jón Jónsson, Margrét Júlía Rafnsdóttir og Pétur Hrafn Sigurðsson greiddu ekki atkvæði.

Tillagan lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsstjóra, dags. 2. maí 2018. Tillöggunni var frestað á fundi bæjarstjórnar 27. mars 2018.

Kosningar

13. 1406247 - Kosningar í hverfakjörstjórnir Kóp.

Kosning í hverfiskjörstjórn

Páll Magnússon, bæjarritari.